

Alþingi
Erindi nr. þ 131/1523
komudagur 25.4. 2005



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 22. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, 720. mál

Samtök iðnaðarins (SI) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp til breytinga á gildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar vegna lagaskila þann 1. júlí nk. þegar olú- og kílómetragjald mun leysa núverandi þungaskatt af hólmi.

Annarsvegar tekur frumvarpið á skilum vegna aflesturs þungaskattsmæla og SI gera engar athugasemdir við þann hluta frumvarpsins.

Hinsvegar eru ákvæði hinna nýju laga um olúgjald nr. 87/2004 um olúeign ógjaldskyldra aðila óheppileg. Þeim sem hafa í vörslu sinni 1.500 lítra af olú eða meira þann 1. júlí ber að tilkynna það og greiða olúgjald af heildarolíubirgðum sínum. Þessi mörk eru alltof lág og óraunsæ og leiða einungis til þess að lögin verði þverbrotin á fyrsta degi. Slíkt er afleit byrjun. Viðmiðunar mörkin hefðu átt að vera 15.000 lítrar eða að lágmarki 10.000 lítrar eða tiltekinn litra fjöldi pr. ökutæki en tankar vörubifreiða taka yfirleitt 400 til 600 lítra.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Árni Jóhannsson